

Ungir Frumkvöðlar – grunnupplýsingar fyrir þátttöku

Undir merkjum Ungra frumkvöðla, hefur „Fyrirtækjasmíðjan“ verið rekin, en það er 13 - 14 vikna námskeið fyrir framhaldsskólanema sem miðar að því að efla skilning þeirra á fjölbreyttum fyrirtækjarekstri. Skólarnir þurfa ekki að búa til áfanga sem heitir "Fyrirtækjasmíðjan" heldur er hún einfaldlega samvinnuð hentugum áföngum sem fyrir eru í skólanum. Áfanginn þarf þó að ganga út á að "Áhersla er lögð á virka þátttöku nemenda sem meðal annars felst í því að stofna, reka og loka fyrirtæki sem byggir á eigin nýsköpunarhugmynd/viðskiptahugmynd." 4-6 manna fyrirtæki eru stofnuð í bekkjunum, - og svo gengur áfanginn einfaldlega út á að kenna/aðstoð þau við allt ferlið, frá hugmynd til fullbúinnar viðskiptaáætlunar. Við fáum svo fólk úr atvinnulífínu og frumkvöðla, til að koma í heimsóknir í skólana.

Fjallað er um lögmál efnahagslífsins, mismunandi starfssvið og mikilvægi jákvæðra samskipta. Nemendur þróa viðskiptahugmynd og stofna fyrirtæki. Þeir fjármagna stofnunina með sölu hlutabréfa, ráða í stöðugildi og búa til ítarlega viðskiptaáætlun. Henni er hrint í framkvæmd og fyrirtækið síðan gert upp með ársreikningi og skýrslu í lok tímabilsins. Framkvæmdin er höfð eins raunveruleg og kostur er. Höndlað er með peninga og nemendum veitt ábyrgð til mikilvægrar ákvarðanatöku.

Nemendur stofna, sem sagt, saman fyrirtæki, koma með hugmynd af vöru/þjónustu, hrinda henni í framkvæmd, gera og markaðsrannsókn, viðskiptaáætlun og sýna og selja svo vöruna á Vörumessu í Smáralind.

Dómnefnd velur um 20 fyrirtæki til að taka þátt í lokaumferð Ungra frumkvöðla. Þar fá nemendur tækifæri til að halda kynningu á hugmynd sinni og spjalla við dómnefnd. Veitt eru verðlaun í ýmsum flokkum og haldin er sigurhátíð þar sem úrslitakeppni fer fram og sigurvegari Ungra frumkvöðla er valinn.

Veitt eru verðlaun í nokkrum flokkum, þar á meðal Fyrirtæki ársins (1. 2. og 3. sætið), markaðs- og sölumál, nýsköpun, sjálfbærni, fjármálalausn, matvælaframleiðsla, sjávar tengda nýsköpun ofl. Sigurvegarinn, þ.e. Nemendafyrirtæki ársins, mun svo taka þátt í Evrópukeppni Ungra Frumkvöðla, sem fram fer á sumrin.

Í byrjun janúar verður 4. tíma námskeið í HR, fyrir kennara sem vilja kenna þennan áfanga, þar sem farið verður yfir allt ferlið og spurningum svarað.

Frekari uppl: Petra Bragadóttir, Framkvæmdastjóri. S: 892 2728 - petra@ungirfrumkvodlar.is
Eyjólfur B. Eyjólfsson, verkefnisstjóri S: 522 9264 – ebe@nmi.is

ungirfrumkvodlar.is - facebook.com/ungirfrumkvodlar/

Ungir frumkvöðlar (JA) er stærsti aðilinn sem veitir fræðslu um frumkvöðlastarf, atvinnulíf og fjármálalæsi í Evrópu. Við hvetjum og undirbúum ungt fólk til að ná árangri í efnahagslífinu á heimsvísu með því að tengja viðskiptalífið við menntastofnanir. JA nær til meira en þriggja milljóna nemenda í 39 löndum í Evrópu á hverju ári. Ungir frumkvöðlar eru meðlimir í JA Worldwide.

Meðlimir Ungra frumkvöðla á Íslandi:



Frá hugmynd....



... vörumessu



Our European Gold Partners

JA Europe is proud to be working with **40 partners** at the European level.

JA Iceland
A Member of JA Worldwide

Our Global Footprint



Company Programme



JA Europe Company of the Year Competition 2014
Sigurvegari: Magma Iceland



Ungir frumkvöðlar

Vörumessa í Smáralind

600 nemendur

13 framhaldsskólar

120 örfyrirtæki

